

13. desember 2016

**Greiðsluuppgjör ríkissjóðs** fyrir janúar - október 2016 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Handbært fé frá rekstri batnaði verulega á milli ára og var jákvætt um 72 ma.kr. samanborið við neikvætt handbært fé upp á 20 ma.kr. 2015. Þetta skýrist að stærstum hluta með tekjum af stöðuleikaframlögum á árinu 2016 sem námu 52 ma.kr á tímabilinu. Handbært fé lækkar um 82,8 ma.kr. samanborið við lækkun um 113,6 ma.kr. á árinu 2015. Afborganir lána á tímabilinu námu 196,4 ma.kr.

## Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar – október 2014-2016 (m.kr.)

	2014	2015	2016
Innheimtar tekjur	500.428	532.223	647.538
Greidd gjöld	487.150	526.632	560.984
<b>Tekjujöfnuður</b>	<b>13.098</b>	<b>5.591</b>	<b>86.554</b>
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	4.853	-25.550	-14.462
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>17.951</b>	<b>-19.959</b>	<b>72.092</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>	<b>-14.556</b>	<b>9.561</b>	<b>-3.726</b>
<b>Hreinn lánsfjárfjöfnuður</b>	<b>3.395</b>	<b>-10.398</b>	<b>68.366</b>
<b>Afborganir lána</b>	<b>-140.357</b>	<b>-161.582</b>	<b>-196.398</b>
Innanlands	-29.953	-52.986	-128.891
Erlendis	-110.404	-108.596	-67.507
<b>Lánsfjárfjöfnuður brúttó</b>	<b>-136.962</b>	<b>-171.980</b>	<b>-128.032</b>
<b>Lántökur</b>	<b>170.996</b>	<b>58.356</b>	<b>45.216</b>
Innanlands	54.559	58.356	45.216
Erlendis	116.437	0	0
<b>Breyting á handbæru fé</b>	<b>34.034</b>	<b>-113.625</b>	<b>-82.816</b>

**Innheimtar tekjur** ríkissjóðs fyrstu tíu mánuði ársins námu 647,5 ma.kr. sem er 21,7% aukning frá sama tímabili í fyrra. Ef leiðrétt er fyrir stöðugleikaframlögum fæst réttari mynd af þróun tekna en að þeim frátöldum námu tekjur ríkissjóðs 579,5 ma.kr. sem er 8,9% aukning milli ára.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 519,8 ma.kr. sem er 9,3% aukning milli ára. Aukningin skýrist af launahækkunum á síðasta ári og í ársbyrjun á þessu ári, og aukinni einkaneyslu sem endurspeglast í hærri launasköttum og auknum tekjum af sköttum á vörur og þjónustu. Þá skýrist stór hluti af fráviki skatttekna og tryggingagjalds frá fjárlagaáætlun, sem er 5,6% fyrstu tíu mánuði ársins, einnig af hærri launum og meiri einkaneyslu en fyrirséð var.



## Tekjur ríkissjóðs janúar – október 2014–2016

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
<b>Skatttekjur og tryggingagjöld</b>	<b>437.717</b>	<b>475.553</b>	<b>519.825</b>	<b>9,9</b>	<b>8,6</b>	<b>9,3</b>
<b>Skattar á tekjur og hagnað</b>	<b>160.680</b>	<b>184.029</b>	<b>197.946</b>	<b>22,0</b>	<b>14,5</b>	<b>7,6</b>
Tekjuskattur einstaklinga	94.671	101.381	122.189	7,7	7,1	20,5
Tekjuskattur lögaðila	30.347	43.640	35.477	66,8	43,8	-18,7
Skattur á fjármagnstekjur	35.662	39.008	40.281	38,9	9,4	3,3
<b>Eignarskattar</b>	<b>11.865</b>	<b>6.564</b>	<b>7.083</b>	<b>5,5</b>	<b>-44,7</b>	<b>7,9</b>
<b>Skattar á vöru og þjónustu</b>	<b>188.802</b>	<b>204.969</b>	<b>228.468</b>	<b>5,2</b>	<b>8,6</b>	<b>11,5</b>
Virðisaukaskattur	127.565	143.914	163.548	6,9	12,8	13,6
Vörugjöld af ökutækjum	4.193	5.817	7.351	12,1	38,7	26,4
Vörugjöld af bensíni	9.808	10.019	10.279	-0,6	2,2	2,6
Skattar á olíu	6.209	6.707	7.715	5,1	8,0	15,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald	14.992	15.505	17.651	5,6	3,4	13,8
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	26.035	23.007	21.924	-1,9	-11,6	-4,7
<b>Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti</b>	<b>4.650</b>	<b>4.667</b>	<b>3.976</b>	<b>11,0</b>	<b>0,4</b>	<b>-14,8</b>
<b>Aðrir skattar</b>	<b>11.854</b>	<b>11.054</b>	<b>11.246</b>	<b>-22,0</b>	<b>-6,7</b>	<b>1,7</b>
<b>Tryggingagjöld</b>	<b>59.866</b>	<b>64.271</b>	<b>71.105</b>	<b>6,2</b>	<b>7,4</b>	<b>10,6</b>
<b>Fjárframlög</b>	<b>210</b>	<b>252</b>	<b>259</b>	<b>-24,5</b>	<b>20,0</b>	<b>2,8</b>
<b>Aðrar tekjur</b>	<b>60.908</b>	<b>56.292</b>	<b>58.317</b>	<b>26,2</b>	<b>-7,6</b>	<b>3,6</b>
<b>Sala eigna</b>	<b>1.412</b>	<b>126</b>	<b>1.137</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
<b>Tekjur alls án stöðugleikaframlaga</b>	<b>500.248</b>	<b>532.223</b>	<b>579.538</b>	<b>11,8</b>	<b>6,4</b>	<b>8,9</b>
<b>Tekjufærð stöðugleikaframlög</b>	<b>.</b>	<b>.</b>	<b>68.000</b>	<b>.</b>	<b>.</b>	<b>.</b>
<b>Tekjur alls með stöðugleikaframlögum</b>	<b>.</b>	<b>.</b>	<b>647.538</b>	<b>.</b>	<b>.</b>	<b>21,7</b>

Tekjuskattur einstaklinga nam 122,2 ma.kr. fyrstu tíu mánuði ársins sem er 20,5% aukning frá fyrra ári. Aukninguna milli ára má rekja til almennra launahækkana og hás atvinnustigs sem jafnframt skýrir jákvætt 10,5% frávík frá fjárlagaáætlun. Þetta gerist þrátt fyrir lækkun á skatthlutfalli í 1. og 2. þrepi í ársbyrjun. Tekjuskattur lögaðila nam 35,5 ma.kr. sem er 18,7% lækkun frá fyrra ári og 17,5% undir áætlun. Niðurstöður úr álagningu tekjuskatts lögaðila vegna rekstrarársins 2015 frá í október eru í góðu samræmi við undirliggjandi forsendur, en 4,5 ma.kr. endurgreiðsla á sérstökum fjársýsluskatti, sem telst til tekjuskatts lögaðila, í kjölfar endurálagningar hefur áhrif til lækkunar. Þá nam fjármagnstekjuskattur 40,3 ma.kr. en ef leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti greiddum af ríkissjóði sjálfum nam hann alls 32,4 ma.kr. og var 11,1% umfram áætlun. Rétt er að hafa þann fyrirvara að árleg endurgreiðsla fjármagnstekjuskatts til lögaðila fer jafnan fram í nóvember og þróunin milli ára mun því skýrast betur þegar uppgjör næsta mánaðar liggja fyrir.

Eignarskattar námu 7,1 ma.kr. og þar af námu stimpilgjöld 3,8 ma.kr. og erfðafjárskattur 2,5 ma.kr. Samanlagt jukust eignarskattar um tæplega 8% milli ára og voru 21,5% umfram áætlun. Frávikið má annars vegar rekja til aukinna tekna af stimpilgjaldi vegna hækkandi eignaverðs og hins vegar til eftirstöðva af auðlegðarskatti, sem var afnuminn í ársbyrjun 2015, og ekki var áætlað fyrir.

Skattar á vöru og þjónustu námu 228,5 ma.kr. fyrstu tíu mánuði yfirstandandi árs sem er 11,5% aukning frá fyrra ári. Þar af nam virðisaukaskattur 163,5 ma.kr. sem er 13,6% aukning milli ára og 8% umfram



upphaflega áætlun tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist m.a. af auknum kaupmætti heimilanna, fjölgun ferðamanna og uppgangi á mörgum sviðum atvinnulífsins. Þá hefur virðisaukaskattskyld velta í ferðapjónustutengdri starfsemi aukist verulega milli ára, annars vegar vegna fjölgunar fyrirtækja í gisti- og veitingapjónustu og hins vegar vegna kerfisbreytingar í ársbyrjun þegar ferðapjónustutengd starfsemi varð virðisaukaskattskyld í neðra þrepi. Áhrifa kerfisbreytingarinnar gætir verulega í skattskyldri veltu en heldur minna í tekjum ríkissjóðs enn sem komið er, þar sem innskattur af aðföngum dregst frá útskatti og fyrirtækin öðluðust jafnframt rétt á innskatti að hluta vegna aðfanga sem aflað var fyrir kerfisbreytinguna.

Uppgangur í ferðapjónustu og aukin einkaneysla hafa einnig haft áhrif á kaup á ökutækjum og hefur nýskráðum bifreiðum fjölgað um rúmlega 4,1% samkvæmt Samgöngustofu. Í kjölfarið hafa vörugjöld af ökutækjum aukist um 26,4% milli ára og námu alls 7,4 ma.kr. Auknar skatttekjur af eldsneyti eru einnig merki um áhrif ferðapjónustunnar á tekjuöflun ríkissjóðs en samanlagt námu tekjur af bensín- og olíugjöldum 18 ma.kr. sem er 7,6% aukning frá fyrra ári.

Áfengis- og tóbaksgjöld námu samtals 17,7 ma.kr. og voru 5,8% undir áætlun. Þar af nam áfengisgjald 12,8 ma.kr. sem er 21% aukning frá fyrra ári. Aukningin skýrist fyrst og fremst af kerfisbreytingu í ársbyrjun þegar gjaldið var hækkað samhliða því að áfengi var færð úr almennu þrepi virðisaukaskatts í neðra þrep. Jafnframt var gerð breyting á uppgjörstímabili áfengisgjalds sem var lengt úr hálfum mánuði í einn mánuð og skýrir sú breyting að hluta til 7% neikvætt frávik frá áætlun fjárlaga þar sem innheimtutímabilið er hálfum mánuði styttra en fyrir séð var. Þá eru tekjur af tóbaksgjaldi óbreyttar milli ára og námu 4,9 ma.kr. sem er 2,1% undir áætlun.

Tollar og önnur aðflutningsgjöld námu tæplega 4 ma.kr. Tekjustofninn er tæplega 15% lægri en á sama tíma í fyrra sem má rekja til afnáms tolla af fatnaði og skóm í byrjun árs sem er fyrri áfangi af tveimur til einföldunar á tollkerfinu. Síðari áfanginn er tímasettur í ársbyrjun 2017 þegar tollar verða afnumdir af öllum vörum að undanskildum landbúnaðarvörum og tilteknum unnum matvörum.

Tryggingagjald nam alls 71,1 ma.kr. og var 2,3% umfram áætlun. Tekjurnar jukust um 10,6% milli ára sem endurspeglar bæði almennar launahækkanir og hærra atvinnustig en í fyrra. Á móti kemur að tryggingagjaldið var lækkað um 0,5 prósentustig þann 1. júlí síðastliðinn og gætir áhrifa lækkunarinnar í innheimtu síðustu þriggja mánaða.

Aðrar tekjur ríkissjóðs námu 58,3 ma.kr. sem er 3,6% aukning frá fyrra ári. Þar af námu arðgreiðslur 30,8 ma.kr. og ber þar hæst arðgreiðsla Landsbanka Íslands hf. sem nam 28,3 ma.kr. Þá námu vaxtatekjur 11,6 ma.kr. og veiðigjöld 7,3 ma.kr. Hafa ber í huga að innheimta af veiðigjöldum er ekki sambærileg við fyrra ár í kjölfar kerfisbreytingar sem tók gildi í byrjun árs þegar álagning og innheimta urðu mánaðarleg í stað þess að fara fram á þriggja mánaða fresti.

Stöðugleikaframlög frá slitabúum, sem teljast til óreglulegra tekna, hafa runnið til ríkissjóðs í formi ýmissa eigna á árinu, en bókfærð innheimta vegna þeirra nam alls 68 ma.kr. á tímabilinu janúar til október. Þar af komu 17 ma.kr. til ráðstöfunar hjá ríkissjóði í stað þess bankaskatts sem áður var áætlað að lagður yrði á slitabúin og 51 ma.kr. var í mars og júní notaður til að greiða niður lán frá Seðlabanka Íslands. Hafa ber í huga að hér kemur aðeins fram sá hluti stöðugleikaframlagsins sem hefur verið ráðstafað með framangreindum hætti, en stærstur hluti þess auk hliðaráhrifa á aðrar tekjur, er aðgreindur frá hefðbundnu tekjuuppgjöri ríkissjóðs.



**Greidd gjöld** námu 561 ma.kr. og jukust um 34,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 6,5 % sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Yfirlit yfir þróun útgjalda til einstakra málaflokka er að finna hér á eftir.

### Þróun útgjalda eftir málaflokkum janúar – október 2014–2016

	Milljónir kr. á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2014	2015	2016	2014	2015	2016
Fjármagnskostnaður	66.466	67.214	64.280	1,6	1,1	-4,4
Almenn opinber þjónusta	42.234	44.464	49.327	0,7	5,3	10,9
Almannatryggingar og velferðarmál	114.577	116.039	121.072	5,3	1,3	4,3
Heilbrigðismál	113.311	121.946	137.089	7,6	7,6	12,4
Efnahags- og atvinnumál	50.778	71.579	72.129	8,5	41,0	0,8
Menntamál	44.549	47.185	51.351	1,6	5,9	8,8
Menningar- og félagsmál	14.833	15.489	17.259	0,6	4,4	11,4
Lög- og réttargæsla	18.561	18.634	20.023	2,9	0,4	7,5
Önnur útgjöld	21.841	24.082	28.456	17,6	10,3	18,2
<b>Gjöld alls</b>	<b>487.151</b>	<b>526.632</b>	<b>560.984</b>	<b>5,1</b>	<b>8,1</b>	<b>6,5</b>

Almenn opinber þjónusta hækkar um 4,9 ma.kr. milli ára eða 10,9%. Þar af hækka almenn fjárframlög til sveitarfélaga um 2,1 ma.kr. Önnur almenn opinber þjónusta hækkar um 1,9 ma.kr. á milli ára og þar af eru fasteignir ríkissjóðs með 0,3 ma.kr, kosningar með 0,4 ma.kr og Rannsóknarsjóður með 0,7 ma.kr. hækkun frá fyrra ári.

Útgjöld vegna efnahags- og atvinnumála námu um 72,1 ma.kr. og jukust um 0,5 ma.kr. eða 0,8% frá fyrra ári. Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána er 3,8 ma.kr. lægri en á sama tímabili árið áður. Aukning útgjalda milli ára vegna samgöngumála er 1,2 ma.kr og vegna rannsóknar og þróunar í efnahags- og atvinnumálum er 0,9 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu 137,1 ma.kr. og jukust um 15,1 ma.kr. milli ára eða um 12,4%. Megin skýring á aukningu milli ára er vegna sjúkráðgjafarþjónustu sem jókst um 6,8 ma.kr., sem er 12,9% aukning. Þar er veigamesti liðurinn rekstur Landspítala sem eykst um 5,5 ma.kr. milli ára. Útgjöld til heilsugæslu hækka um 4,1 ma.kr. frá fyrra ári og er stærsta skýringin sú að útgjöld sjúkratrygginga aukast um 1,6 ma.kr. frá fyrra ári.

Útgjöld menntamála námu 51,4 ma.kr. á tímabilinu og hækkuðu um 4,2 ma.kr. eða 8,8% milli ára. Framlög til framhaldskóla hækka um 8,4% á milli tímabila eða um 1,6 ma.kr. og framlög til háskóla hækka um 8,7% eða 2,1 ma.kr.

Almannatryggingar og velferðarmál námu 121,1 ma.kr. og aukast um 5,0 ma.kr. eða 4,3%. Framlög til aldraðra aukast um 3,3 ma.kr. Þar af aukast lífeyristryggingar um 4,3 ma.kr. Örorkubætur aukast um 4,6 ma.kr. milli ára.

Önnur útgjöld hækka um 4,3 ma.kr. á tímabilinu eða 18,2%. Helstu útgjaldaliðir eru fjármagnstekjuskattur sem nam 7,9 ma.kr. sem er hækkun um 0,8 ma.kr. frá fyrra ári og lífeyrisskuldbindingar sem námu 12,9 ma.kr. og hækkuðu um 2,4 ma.kr á milli ára.



Nánari skiptingu kostnaðar á málaflokka má sjá í eftirfarandi töflu:

Útgjöld einstakra málaflokka – breyting milli ára janúar - október 2015–2016

	Milljónir króna á verðlagi		Br. frá
	hv. árs		fyrri ári
	2015	2016	%
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	3.341	3.877	16,0
Fjármálastjórnarsýsla ríkisins	8.798	9.168	4,2
Utanríkismál	9.580	9.506	-0,8
Önnur almenn opinber þjónusta	7.871	9.758	24,0
Fjármagnskostnaður	67.214	64.280	-4,4
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	14.873	17.018	14,4
<b>Almenn opinber þjónusta</b>	<b>111.677</b>	<b>113.607</b>	<b>1,7</b>
<b>Lög- og réttargæsla</b>	<b>18.634</b>	<b>20.023</b>	<b>7,5</b>
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	5.415	5.775	6,7
Landbúnaðarmál	11.127	11.218	0,8
Samgöngumál	22.012	23.200	5,4
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	4.606	5.507	19,6
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	19.361	15.546	-19,7
Önnur efnahags- og atvinnumál	9.059	10.882	20,1
<b>Efnahags- og atvinnumál</b>	<b>71.579</b>	<b>72.129</b>	<b>0,8</b>
Lyf og lækningavörur	15.127	16.215	7,2
Heilsugæsla	25.733	29.874	16,1
Sjúkrahúsþjónusta	52.822	59.652	12,9
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	24.471	27.239	11,3
Heilbrigðiseftirlit og stjórnarsýsla	3.794	4.110	8,3
<b>Heilbrigðismál</b>	<b>121.946</b>	<b>137.089</b>	<b>12,4</b>
Menningarmál	7.087	7.992	12,8
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	8.402	9.267	10,3
<b>Menningar- og félagsmál</b>	<b>15.489</b>	<b>17.259</b>	<b>11,4</b>
Framhaldsskólastig	18.780	20.359	8,4
Háskólastig	24.658	26.797	8,7
Önnur menntamál	3.746	4.195	12,0
<b>Menntamál</b>	<b>47.185</b>	<b>51.351</b>	<b>8,8</b>
Örorka og fötlun	29.300	33.947	15,9
Öldrun	41.187	44.489	8,0
Fjölskyldur og börn	21.473	20.786	-3,2
Atvinnuleysi	9.940	8.720	-12,3
Vaxtabætur	7.172	5.276	-26,4
Önnur trygginga- og velferðarmál	6.968	7.854	12,7
<b>Almannatryggingar og velferðarmál</b>	<b>116.039</b>	<b>121.072</b>	<b>4,3</b>
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	10.409	12.856	23,5
Fjármagnstekjuskattur	7.161	7.917	10,6
Annað	6.511	7.682	18,0
<b>Önnur útgjöld</b>	<b>24.082</b>	<b>28.456</b>	<b>18,2</b>
<b>Gjöld alls</b>	<b>526.632</b>	<b>560.984</b>	<b>6,5</b>



### Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður tímabilsins var jákvæður um 68,4 ma.kr. til samanburðar við neikvæðan jöfnuð upp á 10,4 ma.kr. á sama tímabili 2015. Afborganir lána námu 196,4 ma.kr. en á sama tíma árið áður námu þær 161,6 ma.kr. Erlendar afborganir námu 67,5 ma.kr. og innlendar afborganir námu 128,9 ma.kr. Stærstan hluta erlendra afborgana má rekja til greiðslu á skuldabréfum í Bandaríkjadöllum sem voru á gjalddaga í júní s.l. Þá var lán í breskum pundum frá 1981 og 1983 greitt á gjalddaga lánsins í janúar. Af innlendum afborgunum er stærstur hluti vegna greiðslu á RIKB 16 sem var á gjalddaga í október, tæpir 70 ma.kr. Þá má rekja 51 ma.kr. til ráðstöfunar stöðugleikaframlaga til niðurgreiðslu skulda, en 25 ma.kr. voru greiddir inn á skuldabréf Seðlabanka Íslands í mars og í júní keypti ríkissjóður til baka eigin bréf í floknum RIKH 18. Innlendar lántökur tímabilsins námu 45,2 ma.kr., engin erlend lántaka átti sér stað á þessu ári.